

Úrskurður úrskurðarnefndar vegna vals á framboðslista 2022

nr. 1/2022, 11. febrúar 2022

1. Málsvik

Þann 11. febrúar 2022, kl. 08.04, ákvað kjörstjórn Samfylkingarinnar í Reykjavík ("**kjörstjórn**") að framboð Guðmundar Inga Þóroddssonar ("**kærandi**") væri ekki gilt í flokksvali vegna sveitarstjórnarkosninga 2022. Var það mat kjörstjórnar að kærandi uppfyllti ekki kjörgengisskilyrði kosningalaga nr. 112/2021 ("**kosningalög**"), einkum með vísan til 2. og 3. mgr. 6. gr. kosningalaga. Eru málsatvik að öðru leyti rakin í hinni kærðu ákvörðun.

Með tölvupósti dags. 11. febrúar 2022, kl. 09.54, barst skrifstofu Samfylkingarinnar erindi frá kæranda þar sem kærð er framangreind niðurstaða kjörstjórnar. Var tilkynningin áframsend til úrskurðarnefndar kl. 11.26.

Segir í kæru að skv. 2. mgr. 6. gr. kosningalaga er hver sá sem uppfyllir skilyrði 4. gr. og hefur óflekkað mannorð kjörgengur til sveitarstjórnarkosninga. Í 3. mgr. sé að finna frekari skýringu á hvað felist í óflekkuðu mannorði, en þar segi að enginn teljist hafa óflekkað mannorð fyrr en afplánun óskilorðsbundinnar refsingar sé lokið. Í greinargerð með frumvarpi laganna segi að afplánun sé ekki að fullu lokið fyrr en að loknum reynslutíma.

Segir jafnframt í kæru að reynslulaun sé skilgreind í 18. tölul. 1. gr. fullnustulaga nr. 15/2016 ("**fullnustulög**") sem skilorðsbundin eftirgjöf refsingar, og skv. 19. tölul. sömu greinar sé reynslutími skilgreindur sem sá tími sem reynslulausn varir. Með vísan til þess geti reynslutími ekki fallið undir skilgreiningu afplánunnar.

Jafnframt segir að með 6. gr. kosningalaga sé atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, skert. Um séu að ræða grundvallarmannréttindi sem ekki verði skert nema með skýrri lagaheimild. Ekki nægi að styðjast við eina athugasemd í greinargerð, sé ætlunin að skerða mannréttindi með þessum hætti, heldur þyrfti að kveða skýrt á um slíka skerðingu í lögum. Því sé ekki annað hægt en að styðjast við skilgreiningar fullnustulaga, enda sé ekki að finna nánari skýringu á hugtakinu afplánun í kosningalögum.

Að auki segir í kæru að til álita komi hvort kjörstjórn sé heimilt að ógilda framboð, líkt og gert var með hinni kærðu ákvörðun. Segir að í gr. 6.10 í skuldbindandi reglum Samfylkingarinnar um val á framboðslista ("**framboðsreglurnar**") sé að finna einu ógildingarheimild kjörstjórnar, en hún eigi við sé brotið gegn ákvæðum gr. 5.2 um hámarkskostnað frambjóðanda. Um úrskurði á kjörgengi frambjóðanda til sveitarstjórnarkosningar sé fjallað í 48. gr. kosningalaga, og það sé verkefni yfirkjörstjórnar sveitarfélaga en ekki kjörstjórnar. Kjörstjórn hafi farið út fyrir valdsvið sitt og getur ákvörðun hennar því ekki talist bindandi

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að rekja málsatvik, heldur vísast sem fyrr segir til ákvörðunar kjörstjórnar.

2. Afmörkun álitaefna

Það er mat kjörstjórnar að hin kærða ákvörðun gefi tilefni til athugunar á tveimur álitaefnum. Annars vegar hvort kjörstjórn hafi verið heimilt að taka ákvörðunina og hins vegar hvort kærandi sé kjörgengur í skilningi 6. gr. kosningalaga.

3. Valdsvið kjörstjórnar og skyldur

Í gr. 4.1 framboðsreglnanna segir að við val á framboðslista Samfylkingarinnar séu kjörgengir allir félagsmenn í Samfylkingunni sem uppfylla skilyrði landslaga um kosningarétt og kjörgengi og hafa meðmæli félaga í Samfylkingunni.

Athugast það jafnframt að kjörstjórn starfar ekki eftir kosningalögum, heldur framboðsreglunum, og er því ekki verið að úrskurða um kjörgengi kæranda til sveitarstjórnarkosningar í skilningi kosningalaga, heldur eingöngu verið að gæta að kjörgengisskilyrðum í flokksvali Samfylkingarinnar, enda er forsenda gilts framboðs að kjörgengisskilyrði séu uppfyllt. Í fyrirbyggjandi máli er deilt um hvort kærandi sé kjörgengur í flokksvali Samfylkingarinnar, ekki hvort hann sé kjörgengur í sveitarstjórnarkosningar, enda þótt kjörgengi í sveitarstjórn sé skilyrði fyrir kjörgengi í flokksvali Samfylkingarinnar.

Af framangreindu verður því ekki dregið í efa að kjörstjórn sé hvorutveggja heimilt og skylt að taka kjörgengi frambjóðanda til sérstakrar athugunnar, gefist tilefni til þess, enda er það hlutverk hennar að sjá um framkvæmd flokksvals. Séu skilyrði til kjörgengis skv. viðkomandi landslögum ekki uppfyllt er viðkomandi frambjóðandi ekki kjörgengur í flokksvali Samfylkingarinnar, sbr. framangreint.

4. Kjörgengi kæranda skv. kosningalögum

Líkt og rakið er í kæru segir í 2. mgr. 6. gr. kosningalaga að hver sá sem hefur kosningarrétt í sveitarfélagi skv. 4. gr. kosningalaga, og hefur óflekkað mannorð, sé kjörgengur í sveitarstjórn. Í máli þessu hefur kosningarréttur kæranda í Reykjavík ekki verið dreginn í efa og afmarkast álitaeftir því við skýringu á hugtakinu óflekkað mannorð.

Í 3. mgr. 6. gr. kosningalaga segir að enginn telst hafa óflekkað mannorð sem hlotið hefur dóm fyrir refsivert brot og refsing er óskilorðsbundið fangelsi, frá þeim degi þegar dómur er upp kveðinn og þar til afplánun er að fullu lokið. Í athugasemdum við 6. gr. kosningalaga segir að afplánun teljist að fullu lokið þegar einstaklingur hefur lokið reynslulausn, sbr. VIII. kafla fullnustulaga.

Athugast jafnframt að í íslenskri stjórnskipan er löng hefð fyrir notkun á hugtakinu óflekkað mannorð við afmörkun kjörgengisskilyrða. Er hugtakinu t.a.m. beitt í 33. gr. stjórnarskrárinnar um kjörgengi til Alþingis. Jafnframt er rík hefð fyrir að löggjafanum sé falið að skilgreina nánar hugtök stjórnarskrárinnar í almennum lögum, enda ákvæði stjórnarskrárinnar knöpp og ætlað að endast lengur en almenn lög. Dæmi um þetta er t.a.m. hugtakið ríkisborgari, en jafnframt hugtakið óflekkað mannorð sem hér er til skoðunar.

Líkt og segir að framan, telst enginn sem ekki hefur að fullu lokið afplánun sinni hafa óflekkað mannorð í skilningi 2. mgr. 6. gr. kosningalaga. Athugast að þegar dómur fellur í refsímáli er það dómsvaldið sem ákvarðar refsinguna, og samkvæmt framangreindu jafnframt hvort einstaklingur eigi að njóta kjörgengis. Þegar reynslulausn er veitt er það Fangelsismálastofnun, sem angi framkvæmdarvaldsins, sem veitir skilorðsbundna lausn frá ákvarðaðri refsingu. Væri farið eftir skýringu kæranda á kosningalögum yrði Fangelsismálastofnun veitt ákvörðunarvald yfir hvenær einstaklingur sem dæmdur hefur verið í óskilorðsbundið fangelsi fengi aftur kjörgengi sitt.

Þá verður jafnframt ekki framhjá því litið, að orðskýring á 3. mgr. 6. gr. kosningalaga styður niðurstöðu kjörstjórnar. Segir þar að enginn teljist hafa óflekkað mannorð fyrr en afplánun er *ad fullu* lokið. Innskeyting orðanna „að fullu“ gefur til kynna að eitthvað þurfi meira að koma til en eingöngu að afplánun innan veggja fangelsis sé lokið. Er það og nánar skýrt í greinargerð frumvarpsins til hvers orðalagsins vísar og er sú skýring greinargerðarinnar í fullu samræmi við orðalag ákvæðisins, sbr. framangreint.

Þá telur úrskurðarnefnd ekki að 75. gr. stjórnarskrárinnar komi hér til álita, enda er það ekki þáttur atvinnufrelsis í skilningi ákvæðisins að bjóða sig fram til sveitarstjórnar.

Með vísan til framangreinds verður að telja að kærandi sé ekki kjörgengur til sveitarstjórnar.

5. Niðurstaða

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða kærunefndar að staðfesta að öðru leyti með vísan til forsendna ákvörðun kjörstjórnar um að framboð kæranda í flokksvali Samfylkingarinnar í Reykjavík sé ógilt, enda uppfylli hann ekki skilyrði gr. 4.1 framboðsreglnanna.

Samkvæmt gr. 6.13 framboðsreglnanna er úrskurður kærunefndar endanlegur.

Úrskurðarorð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Kærunefnd:

Jónas Már Torfason

Lára V. Júlíusdóttir

Magnús M. Norðdahl